



Tilkynning um kæru - mál nr. 32024 Bergþórugata 33

Búið til	11.1.2024 16:10:47
Höfundur	Anna María Arnardóttir
Móttekið dags.	11.1.2024 15:56:47
Tilheyrir	USK24010123 - Bergþórugata 33 - - Kæra nr 3/2024

Efni

Tilkynning um kæru - mál nr. 32024 Bergþórugata 33

Upplýsingar

Vinnsla

Móttekið dags.	11.1.2024 15:56:47	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Málalýkill	00.14.02 Kæurur og dómsmál		
Lykilorð	kæurur		

Þátttakendur

Frá	Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA (uua@uua.is)
Til	usk@reykjavik.is
Cc	

Innihald

Góðan dag.

Meðfylgjandi er afrit stjórnslukæru, móttekin 5. janúar 2024, ásamt fylgigögnum, þar sem kærð er "ákvörðun umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar vegna umferðarréttar íbúa hússins að Bergþórugötu 33 um stíg sem liggur meðfram húsinu."

Vegna framkominnar kæru er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða og er stjórnvaldi jafnframt gefið kostur á að skila umsögn í málinu innan 15 daga frá dagsetningu þessarar tilkynningar, en hægt er að óska eftir 15 daga viðbótarfresti, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Varði hin kærða ákvörðun hagsmuni þriðja aðila er óskað upplýsinga, þ. á m. netfang og/eða símanúmer, um viðkomandi sem allra fyrst.

Óskast staðfest um móttöku.

Með kveðju,

Unnþór Jónsson, lögfræðingur
Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 575 8710
www.uua.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21, Höfðaborg
105 Reykjavík

Efni: Kæra á ákvörðun umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar – beiðni um frest.

Til mín hefur leitað Stefanía Guðjónsdóttir, [REDACTED], eigandi fasteignar að Bergþórugötu 33, 101 Reykjavík og óskað aðstoðar minnar við kæru á ákvörðun umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar vegna umferðarréttar íbúa hússins að Bergþórugötu 33 um stíg sem liggur meðfram húsinu.

Ákvörðun umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar er hér með kærð og óskað frests til að skila greinargerð í málinu.

Reykjavík 5. janúar 2024

Virðingarfyllst,



Helga Vala Helgadóttir
Lögmaður

Meðfylgjandi gögn:

1. Afstaða (ákvörðun) umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. 7. desember 2023
2. Umboð til lögmanns.



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar í málinu nr. 3/2024, kæra Stefaníu Guðjónsdóttur, Bergþórugötu 33, dags. 5. janúar 2024. Í framangreindri kæru er kærð ákvörðun umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar vegna umferðarréttar íbúa hússins að Bergþórugötu 33 um stíg sem liggur meðfram húsinu.

Málavextir

Samkvæmt þinglýstum lóðarsamningi um Bergþórugötu 33 hefur lóðin rétt til umferðar um 6,3 metra breiðan stíg milli húsanna á lóðum nr. 31 og 33 við Bergþórugötu. Umræddur lóðasamningur kveður þá einnig á um skyldu lóðarhafa til þess að hlíta deiliskipulagsskilmálum, almennum úthlutunarskilmálum og samþykktum byggingarnefndar- og séruppdráttum varðandi mannvirki á lóðinni, lagnir, leiðslur og um frágang lóðar.

Í deiliskipulagi Njálsgötureits sem samþykkt var í umhverfis- og skipulagsráði þann 18. september 2013, í Borgarráði þann 26. september 2013 og auglýst í B-deild stjórnartíðinda þann 7. nóvember 2013 segir: „Svæði milli húsa nr. 31 og 33 við Bergþórugötu verði í deiliskipulaginu skilgreint sem „grænt svæði“. Það verður eftir sem áður gert ráð fyrir aðkomu að inngöngum húsanna sitt hvoru megin.“

Reykjavíkurborg hefur nú sett upp skilti sem áréttar að hið „græna svæði“ í deiliskipulaginu sé einungis ætlað fyrir umferð gangandi og hjólandi vegfarendur.

Kærandi telur að bann við akstri ökutækja inn á umrætt svæði meini lóðarhöfum að neyta þinglýst umferðarréttar síns. Kærandi telur nefndur umferðaréttur fela í sér rétt til aksturs og lagningu vélknúinna ökutækja á hinu skilgreinda græna svæði.

Kröfugerð

Kærandi krefst þess að skilti sem bannar umferð vélknúinna ökutækja um stíg milli lóða nr. 31 og 33 við Bergþórugötu verði fjarlæggt auk þess sem merking fyrir bílastæði í götu verði afmáð.

Reykjavíkurborg krefst þess að kröfum kæranda verði hafnað og ákvörðun borgarinnar staðfest.

Málsástæður og lagarök kæranda



Um málsástæður og lagarök kæranda er fjallað í greinagerð með kæru, dags. 10. janúar 2024.

Afstaða Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg álitur þinglýstan umferðarétt fela í sér rétt til umferðar yfir lóð í eigu annars aðila. Að mati borgarinnar veitir umferðarréttur ekki sjálfkrafa réttindi til þess að aka bifreiðum yfir lóð annars enda er orðið umferð ekki einungis bundin umferð ökutækja.

Kærandi telur að téður umferðarréttur heimili bein afnot af stígnum í formi einkaréttinda til lagningu bíla íbúa Bergþórugötu 33. Þessu er alfarið hafnað. Stígurinn hefur aldrei verið skipulagður sem bílastæði.

Orðalag deiliskipulagsins er nokkuð skýrt varðandi það hvað felst í þinglýstum umferðarrétti íbúa Bergþórugötu nr. 33, þ.e. „gert er ráð fyrir aðkomu að inngöngum húsanna sitt hvoru megin“. Borgin skuldbindur sig þannig til þess að loka ekki fyrir aðgengi og aðkomu íbúa Bergþórugötu nr. 33 um hið „græna svæði“.

Það er mat borgarinnar að rétt sé að banna umferð vélknúinna ökutækja um stíginn enda er bannað að stöðva og leggja ökutækjum á stígnum, sem nú hefur verið skilgreint í deiliskipulagi sem „grænt svæði“. Að sama skapi kveður deiliskipulag svæðisins á um að ekki sé gert ráð fyrir bílastæðum innann lóða. Ekki verður því séð hvaða erindi vélknúin ökutæki eigi inn á stíginn.

Niðurstaða

Í ljósi framangreinds hefur ekkert komið fram sem getur valdið ógildingunni hinar kærðu ákvörðunar og ítrekar Reykjavíkurborg þá kröfu sína að úrskurðarnefndin hafni kröfum kæranda í málinu. Taki nefndin til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í kæru og í umsögn þessari er þess óskað að borgaryfirvöldum verði gert kleift að tjá sig um þær áður en til úrskurðar í málinu kemur.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,

Snædís K Bergmann

Snædís Karlsdóttir Bergmann
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða